

Kosningaklækir Robert Kennedy? Feigðarflan?

Robert Francis Kennedy yngri (f. 1954) er sumum að góðu kunnur fyrir baráttuna gegn varhugaverðum bólusetningum barna og heill þeirra yfirleitt. Hann er stofnandi samtakanna “Verðir barnaheilsunnar” (Children’s Health Defense). Hann var formaður þeirra um árabil.

Robert hefur skrifað bækur um efnið. Í einni þeirra, “Hinn raunverulegi Anthony Fauci” (The Real Anthony Fauci), afhjúpaði Robert líf og leyndarmál hins volduga einvalds Bandaríkjanna í lyfja- og bólusetningamálum – löðrandi í spillingu, bæði með tilliti til stjórnáslu og vísinda.

Einhvern tímann sagði þessi einvaldur á þá leið, að árásir á hann jöfnuðust á við árásir á vísindin sjálf. Honum flökraði heldur ekki við því að þanta vísindalegar niðurstöður til að reyna að fela spillingarsöguna.

Áhrif Anthony náðu að nokkru leyti til veraldarinnar allrar, þar eð hann og vinirnir, m.a. Bill Gates, tóku virkan þátt í starfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og lögðu í samstarfi við Alheimsefnahagsráðið – á ráðin um veirusefasýkisfaraldurinn, sem ekki er bitið úr nálinni með.

Meinviðbrögð við bólusetningunum eru margs konar eins og flestum ætti að vera kunnugt. T.d. er bent á þroskaskerðingu barna. Ein rannsóknanna bendir til, að þau yngstu hafi glutrað niður 22 greindarstigum.

Robert er hagleikin sú staðreynd, að aldrei hafi börn í Bandaríkjunum verið heilsutæpari, samtímis því að bólusetningum fjölgar stöðugt. Bólusetning við covid-19 er sú nýjasta á þeim meiði. Nú benda staðtölur til, að eitt af hverju þrjátíu og sex börnum greinist með einhverfu á einhverju stigi. Aukin heldur bendir nú rannsókn til, að bólsett börn séu heilsutæpari en þau óbólusettu. Hentugleikasjúkdómsgreiningar eins og „athyglírestur- og ofvirkni“ (ADHD) eru þekktar.

Til viðbótar má geta þrálátra sjúkdóma á borð við offitu, ofnæmi og ýmissa kvilla í miðtaugakerfi. Robert vill beita sér fyrir rannsóknum á orsökum þessa. Hann hefur nefnt ónauðsynlegar bólusetningar í því sambandi.

Róbert hefur ekki einasta barist djarflega gegn sjálfu fúskinu og spillingunni í sambandi við kófið. Hann hefur einnig kröftuglega andmælt samvinnu yfirvalda og lyfjaauðhringanna, sem m.a. lýsir sér í fjárhagslegum hagsmunatengslum og margvíslegri spillingu í sambandi við leyfisveitingar. Þessa samvinnu kallar Róbert „þjófræði“ (kleptocracy).

Robert segir m.a. á þessa leið: Ef fyrir okkur vakir að heiðra skyldur okkar sem kynslóð, menning [og] þjóð, verðum við að taka til óspilltra málanna við að skapa börnunum umgjörð, sem gerir þeim kleift að öðlast virðingu, góða heilsu, [og] að þroskast og blómstra eins og okkur var gefinn kostur á.

Robert hefur aukin heldur margsinnis bent á og mótmælt þeirri svívirðilegu sviptingu lýðréttinda, sem Bandaríkjamenn hafa mátt þola af hendi stjórnvalda, þ.á.m. skerðingu ferða- og málfrelsis. Ástandið er svipað á Íslandi.

Robert er sömuleiðis ómyrkur í máli um stríð Bandaríkjamanna í Úkraínu og harmar skelfilegt mannfall meðal hermanna og óbreyttra borgara. Þetta stríð fjármagna bandarískir skattgreiðendur, þ.e. þeir, sem ekki svelta. En um fjórðungur þjóðarinnar lifir undir fátæktarmörkum.

Á meðan þessu vindur fram eru seðlaprentararnir rauðglóandi og skuldir hrannast upp eins og stundum áður, þegar bandarísku samfélagi var steyppt í glötun af eigendum Seðlabankans og vinum þeirra.

Helsti boðskapurinn í framboðsræðu Robert er þessi, samkvæmt bandaríska sagnfræðingum og blaðamanninum, Mike King:

Stjórnvöld ljúga; fjölmiðlar ljúga; öllum er það ljóst, að stjórnvöld og fjölmiðlar ljúga; samtök stjórnvalda og fjölmiðla ráðast gegn öðrum fjölmiðlum, vegna ógnarinnar, sem af þeim stafar; stjórnvöld og mörg stórfyrirtæki leggja stund á samsæri; bræðurnir, John Fitzgerald (1917-1963) og Robert Francis Kennedy (1925-1968), voru andvígir stríðinu í Vietnam; New York Times andæfði framboði Robert 1968; stjórnámálamenn skipta fólki í stéttir og kynþætti; lokanir í kófinu voru bæði ónauðsynlegar og lífshættulegar; aukning atvinnuleysis, sem nemur einum af hundraði, veldur afkomuótta og 30.000 aukadauðsfalla; þyngdaraukning og sjálfsvíg í tengslum við innilokun juku enn á fjölda látinna; fulltrúar djúpríkisins lugu að John forseta um innrásina í Svínaflóa á Kúbu og hrundu næstum af stað þriðju heimstyrjöldinni; það vakt fyrir honum „að mylja leyniþjónustuna (CIA) í þúsund mola;“ Bandaríkin ættu ekki að stuðla að því „að steypa rússneskum yfirvöldum“ af stóli heldur beita sér fyrir friði í Úkraínu; spurt er, hvort Úkraínumönnum sé ekki beitt í staðgengilsstríði Bandaríkjamanna; stríð, björgun bankanna og lokanir atvinnustarfsemi, voru fjármagnaðar með prentun peninga, en hún er völd að verðbólgu um þessar mundir; í verðbólgunni felast skattar stjórnvalda á þá, sem minnst mega sín, og millistéttirnar; Bandaríkjamenn drápu eina milljón Íraka; Bandaríkjamenn ullu uppnámi í Sírlandi og stökktu fólki á flóttu til Evrópu; Lýðræðisflokkurinn (Democrats) er orðinn flokkur „ný-

íhaldssamra“ (neocons) stríðsæsingamanna með harmkvælafröðuheila (woke bobble-heads), sem fráleitt eru lýðræðissinnar í anda John F.

En nú er svo komið, að Robert tekur hugumstærsta skrefið í lífi sínu, fetar í fótspor föðurins og föðurbróðurins, John, og býður sig fram til forseta fyrir Lýðræðisflokkinn.

Faðir og föðurbróðir voru báðir ráðnir af dögum. Það eru yfirgnæfandi líkur á, að bandaríska leyniþjónustan, CIA, og sú ísraelska, Mossad, hafi ráðið John af dögum, og hafi væntanlega tekið þátt í morði Robert eldri einnig.

Fyrsti harmleikurinn reið yfir Kennedy fjölskylduna, þegar elsti bróðirinn, Joseph Patrick (1915-1944) var drepinn í annarri heimstyrjöldinni, sem Frank Delano Roosevelt (1882-1945) atti Bandaríkjamönnum út í.

Fjórði harmleikurinn var sviplegt andlát John F. Kennedy yngri (1960-1999). Hann fórst í flugslysi, að sögn. Það er reyndar þekkt aftökuaðferð myrkraaflanna, rétt eins og „sjálfsmorðin.“ John yngri og fyrrverandi forseta, Donald Trump (f. 1946), hafði verið vel til vina. Það hafa verið færð rök að því, að mafían í kringum Clinton-hjónin séu ábyrg fyrir „slysinu.“ Það hafa þó aldrei verið færðar á það sönnur, eftir því sem ég best veit.

Samkvæmt Robert eru einnig vísbendingar um, að leyniþjónustan (CIA) hafi verið viðriðin skipulagningu og undirbúning á þeim gervifaraldri, sem kófið var og er, í því skyni að undirbúa gerræðisstjórn yfir veröldinni.

Mike King spyr sig eins og vafalaust margir aðrir, hvað fyrir Robert vaki. Þó er varla ástæða til að draga baráttumál hans í efa. En Mike viðrar þá hugmynd, að hér sé um að ræða samvinnu Donald og Robert, þ.e. að brúka sömu brellu og „eigendur“ Theodore Roosevelt (1858-1919), þegar hann var látinn stofna til mótframboðs gegn fyrrum vini og samstarfsmanni, (William) Howard Taft (1857-1930), í þeirri viðleitni að koma (Thomas) Woodrow Wilson (1856-1924) að kjötkötlunum. Það tókst.

Takist Robert að kljúfa Lýðræðisflokkinn í næstu kosningum, aukast líkur á sigri Donald Trump. Það má vænta þess, að heppnist slík hernaðaráætlun, hafi það í för með sér, að hinn stríðsbrjálaði öldungur, Joseph Robinette Biden (f. 1942), lúti í lægra haldi.

<http://www.informationclearinghouse.info/57506.htm>

https://childrenshealthdefense.org/defender/bp-who-gates-foundation-seek-reverse-falling-childhood-vaccination-rates/?utm_source=luminate&utm_medium=email&utm_campaign=defender&utm_id=20230425

<http://www.informationclearinghouse.info/57500.htm>

<http://www.informationclearinghouse.info/57499.htm>

<https://www.medrxiv.org/content/10.1101/2021.08.10.21261846v1.full.pdf>

https://childrenshealthdefense.org/defender/rfk-jr-presidential-campaign-chronic-disease-children/?utm_source=luminate&utm_medium=email&utm_campaign=defender-wk&utm_id=20230423

<https://rumble.com/v2jow02-rfk-jr.-and-others-expose-the-cias-involvement-in-the-covid-plandemic.html>

<http://www.informationclearinghouse.info/57493.htm>

<https://www.realhistorychan.com/anyt-04-21-2023.html>

<https://www.youtube.com/watch?v=68MhtliiAvk>